



Óveðurstrygging húseigna

Skilmáli nr. EF12

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. EF12.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framar skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framar frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Óveðurstrygging tryggir húseignina þína fyrir óveðri. Tryggingin er valkvæð og góð viðbót við brunatryggingu húseigna þegar húseigendatrygging er ekki til staðar.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið. **Skírteini** staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

1. Hvað er tryggt?

- 1.1 Tryggingin gildir fyrir þá húseign sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun, á þeim stað sem þar er tiltekinn.
- 1.2 Tryggingin tekur jafnframt til venjubundins fylgifyjár húseignarinnar sem fellur undir brunabótamat hennar í samræmi við matsreglur brunabótamats á hverjum tíma.

2. Hver er tryggður?

- 2.1 Eigandi húseignar er tryggður.
- 2.2 Tryggingin er ekki til hagsbóta fyrir þá sem eiga fjárhagslega hagsmuni í húseigninni, t.d. lánastofnanir eða aðra veðhafa¹, nema þeir hafi fengið staðfestingu þess efnis frá VÍS, en þá öðlast þeir aldrei meiri rétt gagnvart VÍS en eigandi húseignar.

3. Hvað bætir tryggingin?

- 3.1 Tryggingin bætir tjón á húseigninni af völdum óveðurs, þ.e. þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu. Tjón á hinu tryggða af völdum úrkomu samfara óveðri bætist því aðeins að vindur hafi rofið þak, glugga eða aðra hluta húseignar. Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað þegar tjónið varð skal hafa til hljðsjónar við ákvörðun um bótaskyldu tryggingarinnar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs, er tjónsatburðurinn átti sér stað.

4. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 4.1 Tryggingin bætir ekki:
 - 4.1.1 Kostnað við að ryðja rústir, nema annað komi fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
 - 4.1.2 Tjón á loftnetum, fánastöngum, girðingum og gróðri.
 - 4.1.3 Tjón vegna stöðvunar rekstrar eða annars óbeins tjóns.
 - 4.1.4 Tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

5. Varúðarreglur

- 5.1 Tryggðum ber að sjá um að hin tryggða húseign sé í fyllsta samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum og reglugerðum um byggingu húseigna.

6. Háttsemi annarra

- 6.1 Við ákvörðun bótaábyrgðar áskilur VÍS sér rétt til að bera fyrir sig háttsemi maka tryggðs og aðila sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi.²
- 6.2 Í atvinnurekstri getur VÍS borið fyrir sig háttsemi stjórnenda tryggðs og umsjónaraðila hinnar tryggðu húseignar.

Varúðarreglur eru kröfur sem gerðar eru með það að markmiði að koma í veg fyrir tjón eða draga úr líkum á að tjón verði. Mikilvægt er að vita hverjar þær eru.

¹ Sbr. ákvæði um meðváttryggða í 41. – 43. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

² Sbr. 29. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.



7. Tryggingarfjárhæð

- 7.1 Tryggingarfjárhæð er miðuð við brunabótamat húseignar eða hluta húseignar og nemur fjárhæð þeirri er kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 7.1.1 Hafi tryggður viðbótarbrunatryggingu húseigna í gildi hjá VÍS hækkar tryggingarfjárhæð samkvæmt gr. 7.1 um fjárhæðina sem tilgreind er í þeirri tryggingu.
- 7.2 Hafi húseign verið stækkuð eða endurbætt umfram venjulegt viðhald skal tryggður óska eftir endurmati á brunabótamati.

8. Eigin áhætta

- 8.1 Af hverju tjóni ber tryggingartaki eigin áhættu sem tiltekin er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 8.2 Fjárhæð eigin áhættu breytist samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar.

9. Ákvörðun bóta

- 9.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi. VÍS er heimilt að draga frá bótum verðrýrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti þess sem skemmdist.
- 9.2 Ef unnt er að gera við skemmdir vegna tjóns þannig að ástand húseignar verði svipað og fyrir tjón og viðgerð borgar sig að mati VÍS, getur VÍS annað hvort greitt tryggðum áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við skemmdir á kostnað VÍS.
- 9.3 Ef ekki er unnt að gera við skemmdir vegna tjóns eða það borgar sig ekki að mati VÍS, getur VÍS greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu. Hafi VÍS greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 9.4 Skemmist húseign það mikið að ekki er unnt að gera við hana eða það borgar sig ekki að mati VÍS getur það greitt bætur í peningum sem nema andvirði tryggingarfjárhæðar að frádregnu því verðmæti sem eftir stendur í húseigninni.
- 9.5 Tryggður skal ekki hagnast á tjónsatburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggðs.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.